# SKARKOLI – *PLAICE*

## *Pleuronectes platessa*

## RÁÐGJÖF – *ADVICE*

Hafrannsóknastofnun ráðleggur, í samræmi við nýtingarstefnu sem mun leiða til hámarksafraksturs til lengri tíma litið (MSY), að afli fiskveiðiárið 2020/2021 fari ekki yfir 7037 tonn. Einnig er lagt til að áfram verði stuðlað að verndun hrygnandi skarkola með lokun veiðisvæða á hrygningartíma.

*MFRI advises that when the MSY approach is applied, catches in the fishing year 2020/2021 should be no more than 7037 tonnes. In addition, the MFRI recommends that regulations regarding area closures on spawning grounds remain in effect.*

## STOFNÞRÓUN – *STOCK DEVELOPMENT*

Veiðistofninn stækkaði frá 2000–2015 en hefur verið stöðugur síðan þá. Veiðidánartala hefur lækkað frá árinu 1997 og hefur frá árinu 2011 verið nálægt settu marki ($F_{MSY}$). Nýliðun skarkola hefur verið stöðug frá árinu 1994.

*The harvestable biomass steadily increased from 2000–2015 and has been stable since then. Fishing mortality has declined since 1997 and has been around $F_{MSY}$ since 2011. Recruitment has been stable since 1994.*




**Skarkoli.** Afli eftir veiðarfærum, nýliðun, veiðidánartala og stærð veiðistofns.
***Plaice.*** *Catch by gear type, recruitment, fishing mortality, and harvestable biomass.*

## STOFNMAT OG GÁTMÖRK – *BASIS OF THE ASSESSMENT AND REFERENCE POINTS*

| | |
|---|---|
| Forsendur ráðgjafar<br>*Advice basis* | MSY nálgun<br>*MSY approach* |
| Aflaregla<br>*Management plan* | Ekki hefur verið sett aflaregla fyrir þennan stofn<br>*There is no management plan for this stock* |
| Stofnmat<br>*Assessment type* | Aldurs-aflalíkan<br>*Age-based model* |
| Inntaksgögn<br>*Input data* | Aldursgreindur afli og aldursgreindar fjöldavísitölur úr stofnmælingum (SMB)<br>*Catch in numbers and age disaggregated indices (IS-SMB)* |

| Nálgun<br>*Framework* | Gátmörk<br>*Reference point* | Gildi<br>*Value* | Grundvöllur<br>*Basis* |
|---|---|---|---|
| Hámarksafrakstur<br>*MSY approach* | $F_{MSY}$ | 0.22 | $F_{0.1}$ |

## HORFUR – *PROSPECTS*

Mat á nýliðun er háð töluverðri óvissu, en ef hún helst svipuð og verið hefur er líklegt að stofnstærð haldist stöðug næstu ár.

*Considerable uncertainty is present in the assessment due to a lack of recruitment data but given little changes in recruitment the stock size is likely to remain stable over the next years.*

**Skarkoli.** Áætluð þróun stofnstærðar (tonn) miðað við veiðar samkvæmt kjörsókn.
***Plaice.*** *Projection of reference stock and spawning stock biomass (tonnes) based on $F_{0.1}$.*

| 2020 | | | | 2021 | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Áætlaður afli<br>*Predicted catches* | Veiðistofn<br>*Harvestable biomass* | Hrygningarstofn<br>*SSB* | F | Aflamark<br>*TAC* | F | Veiðistofn<br>*Harvestable biomass* | Hrygningarstofn<br>*SSB* |
| 6832 | 46 156 | 30 984 | 0.21 | 7037 | 0.22 | 46 499 | 31 101 |

## GÆÐI STOFNMATS – *QUALITY OF THE ASSESSMENT*

Árið 2016 var nýtt aldurs-aflalíkan tekið í notkun við stofnmat skarkola. Niðurstöður líkansins benda til að stærð veiðistofns hafi verið vanmetin í stofnmati áranna 2013–2015 og veiðidánartala ofmetin á sama tíma. Talsverð óvissa er í stofnmati skarkola þar sem litlar upplýsingar eru í stofnmælingum um nýliðun. Nýr leiðangur á grunnslóð sem hófst árið 2017 ætti í framtíðinni að veita betri upplýsingar um nýliðun skarkola.

*In 2016, a new analytical age-based model was used for plaice. The model suggests that fishing mortality was over-estimated and harvestable biomass underestimated in the model used in 2013–2015. Considerable uncertainty is present in the assessment due to limited information on recruitment. A dedicated survey for juvenile flatfish which started in 2017 should in the future give information on incoming recruitment of plaice.*




**Skarkoli.** Samanburður á stofnmati áranna 2016–2020 (rauð lína: 2020).
***Plaice***. *Current assessment (red line) compared with previous estimates (2016–2019).*

## RÁÐGJÖF, AFLAMARK OG AFLI – *ADVICE, TAC AND CATCH*

**Skarkoli**. Tillögur um hámarksafla, ákvörðun stjórnvalda um aflamark og afli (tonn).
***Plaice***. *Recommended TAC, national TAC, and catches (tonnes).*

| Fiskveiðiár *Fishing year* | Tillaga *Rec. TAC* | Aflamark *National TAC* | Afli *Catches* |
|---|---|---|---|
| 2010/11 | 6500 | 6500 | 4843 |
| 2011/12 | 6500 | 6500 | 5822 |
| 2012/13 | 6500 | 6500 | 5932 |
| 2013/14 | 6500 | 6500 | 6030 |
| 2014/15 | 7000 | 7000 | 6237 |
| 2015/16 | 6500 | 6500 | 7619 |
| 2016/17 | 7330 | 7330 | 6369 |
| 2017/18 | 7103 | 7103 | 8208 |
| 2018/19 | 7132 | 7132 | 7096 |
| 2019/20 | 6985 | 6985 | |
| 2020/21 | 7037 | | |

## HEIMILDIR OG ÍTAREFNI – *REFERENCES AND FURTHER READING*

MFRI Assessment Reports 2020. Plaice. Marine and Freshwater Research Institute, 16 June 2020.